

Ed.

116. Frumvarp til laga

[100. mál]

um breyting á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Liður IV í 2. gr. laganna orðist svo:  
Til leiklistarstarfsemi áhugafélaga.  
Nýr liður (verður VI. liður) orðist svo:  
Til annarrar leiklistarstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar leiklistarlög voru sett á síðasta þingi voru þau fyrst og fremst sett til eflingar hinní blómlegu, en fjárvana starfsemi áhugaleikfélaganna. Forsögu laganna má rekja til samþykktar þingsályktunar 1972 frá flm. þessa frv. og Karvel Pálmasyni og nefndarskipunar í kjölfar þeirrar samþykktar.

Sú nefnd, sem þá samdi drög að frv. til leiklistarlaga, gerði ráð fyrir þeirri skipan, sem hér er lagt til, þ. e. heinu ákvæði um fjárstuðning hins opinbera við aðra aðila en upp eru taldir í liðum I—V, svo sem atvinnuleikhús, sem störfuðu sjálfstætt og reglubundið.

Mjög mikil gagnrýni hefur komið fram á það, að í endanlegri gerð var þessi liður felldur á brott, þar sem ýmsir sjá enga möguleika á fjárstuðningi við atvinnufólk í leiklist utan Leikfélags Reykjavíkur og Akureyrar, ef staðið er fast á ákvæðum gildandi laga. Túlkun gagnrýnenda á þessu er að vísu ekki óumdeilanleg, því möguleikar ættu í raun að felast bæði í IV. og V. lið, ef sá skilningur ríkti í heild á þessum málum, að til skipta kæmi viðunandi fjárupphæð.

Því fer hins vegar viðs fjarri og þar er vandamálið mesta, en ekki fyrst og fremst skortur á lagaákvæðum eins og margir hafa langt um of einblínt á.

Þannig er fjárhagsvandi áhugafélaganna alvarlegri en oft áður, þrátt fyrir ný og betri lagaákvæði.

Fjármagnið er blátt áfram hvergi nægilegt. Hins vegar er flm. þessa frv. ljóst, að lagaákvæði veitir viðspyrnu varðandi fjárveitingar, og telur því rétt, að það sé ótvírætt fyrir hendi.

Ríkið hlýtur að styðja þá leiklistarstarfsemi, sem sýnir sig að á tilverurétt, er engin loftbóla, heldur vakandi, listrænt starf, svo sem Alþýðuleikhúsið er lýsandi dæmi um.

Til þess að tryggja leikhópum eða atvinnuleikhúsum af því tagi lagalegan rétt til fjárstuðnings af hálfu hins opinbera er frv. þetta flutt.